



Fréttatilkynning

07 October 2021 12:49:00 GMT

## Arion Banki: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir framkvæmd endurkaupaáætlunar

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur í dag veitt Arion banka heimild til að framkvæma endurkaupaáætlun á eigin bréfum á Íslandi og á heimildarskírteinum útgefnum í Svíþjóð fyrir allt að 10 milljarða króna eða allt að 54.490.370 hluti. Jafngildir það að eigin hlutir verða allt að 10% af útgefnum hlutum. Bankinn á í dag 111.509.630 eigin bréf og heimildarskírteini sem eru 6,72% af útgefnum hlutum í bankanum. Jafnframt er bankanum heimilt að lækka hlutafé um allt að 10% af útgefnum hlutum, til jöfnunar á eigin hlutum.

Þann 16. mars veitti aðalfundur Arion banka stjórn bankans endurnýjaða heimild til að kaupa allt að 10% af útgefnu hlutafé bankans á grundvelli sterkrar eiginfjárstöðu.

Ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar verður tekin af stjórn Arion banka á næstunni.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jensson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jensson@arionbanki.is), s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760

*Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2021-10-07 12:49 GMT.*

### Viðhengi

[Arion Banki: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir framkvæmd endurkaupaáætlunar](#)